
Naustabraut á milli Naustagötu og Wilhelmínugötu á Akureyri


Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 600 m kafla Naustabrautar á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og deiliskipulag Hagahverfis - 3. áfanga Naustahverfis. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. apríl 2015.



Skipulagsstofnun

20. mars 2015

INNGANGUR

Þann 12. febrúar 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Akureyrarbæ um fyrirhugaða lagningu Naustabrautar á Akureyri samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Minjastofnunar Íslands.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með tölvubréfi dags. 11. mars 2015, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvubréfi dags. 12. mars 2015 og Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 6. mars 2015. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 12. mars 2015.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að Akureyrarbær fyrirhugi framlengingu Naustabrautar á Akureyri frá Naustagötu að Wilhelmínugötu í tengslum við uppbyggingu 3. áfanga Naustahverfis. Fram kemur að gatan verði ein aðaltenging Naustahverfis en mun síðar liggja suður með Naustahverfi og tengjast Eyjafjarðarbraut vestari skammt sunnan flugstöðvarinnar á Akureyri.

Fram kemur að fyrirhuguð Naustabraut muni liggja um tún og beitarhólf í aflíðandi grónu landi og sveigja upp fyrir Naustagil og liggja yfir efsta hluta þess á fyllingu. Framkvæmdir komi til með að felast í gerð 600 m tengibrautar, undirganga og göngustígs. Fram kemur að Naustabraut verði með 7,5 m breiðri akbraut og útvíkkun í beygjum. Vegaxlir verði 2,0 m breiðar og án kantsteina. Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur verði í Naustagili og gert sé ráð fyrir 3 m breiðum göngu- og hjólréiðastíg vestan Naustabrautar. Uppgröftur úr götu og stígastæði verði að meðaltali um 0,5 m niður fyrir núverandi landhæð. Fylling verði um 1 m á þykkt og götuhæð því um 0,5 m yfir núverandi landhæð að jafnaði. Fram kemur að áætlun geri ráð fyrir að um 8.000 m³ efnis falli til við fyrirhugaðar framkvæmdir og verði hluti þess nýttur í jarðvegsmótun á svæðinu, s.s. frágang vegna fyllingar í Naustagili og vegfláa. Ekki sé gert ráð fyrir að hljóðvarnir verði útfærðar sem jarðvegsmanir. Það efni sem eftir standi muni verða nýtt í jarðvegsfyllingar í bæjarlandinu. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að fyllingarefni undir götuna verði um 11.000 m³. Ekki liggi fyrir hvaðan efni verði fengið en það verði sótt í námur með framkvæmda- og starfsleyfi í Eyjarfirði og/eða í Hörgárdal.

Fram kemur að leyfður umferðarhraði verði 50 km/klst. og áætluð umferð sé um 6.000 bílar á sólarhring að meðaltali á ári miðað við fullbyggt hverfi. Skv. hljóðstigsskýrslu sem unnin hafi verið við gerð deiliskipulags 3. áfanga Naustahverfis þurfi að koma upp hljóðvörnum við Naustabraut svo hljóðstig við aðliggjandi einbýlishús verði innan reglugerðarmarka, þ.e. 55 dB(A). Útreikningar miði við hámarksúmfærðarhraða á Naustabraut og áætlaða umferð eftir að hverfið verði fullbyggt.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir tveggja m hárrí og um 260 m langri hljóðvörn meðfram Naustabraut og við íbúðarhúsið á Naustum I sé gert ráð fyrir um 100 m langri, 1,5 m hárrí hljóðvörn. Hins vegar verði ákvörðun um gerð hljóðvarna ekki tekin nema að gerðum mælingum á umferðarmagni og hljóðstigi og því ekki reistar samhliða gatnagerð. Gert er ráð fyrir að umræddur hluti Naustabrautar verði lagður í tveimur áföngum í samræmi við uppbyggingu 3. áfanga Naustahverfis og komi fyrri hluti hennar, um 350 m, til framkvæmda á tímabilinu 2014/2015.

Umhverfisáhrif. Fram kemur að á framkvæmdatíma verði ónæði vegna vinnuvéla og efnisflutninga. Hljóðreikningar sýna að miðað við 6.000 þúsund bifreiða umferð og fullbyggt Naustahverfi verður hljóðstig 48-55 dB(A) frá umferð á austurhliðum einbýlishúsa við Naustabraut en með 2 m hárrí hljóðvörn fari hljóðstigið niður í 48-50 dB(A) sem sé innan reglugerðarviðmiða.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að ekki verði merkjanleg áhrif á loftgæði við íbúðarhús í næsta nágrenni Naustabrautar. Fram kemur að fornminjar gamla bæjarins á Naustum hafi verið grafnar upp og skráðar. Naustabraut verði sveigð frá fornminjunum en vegna nálægðar við vegstæði og vegfláa sé hætt á að rask verði á minjum, þ.e. túngarðsbroti og tóft. Fornminjar verði merktar og afmarkaðar á framkvæmdatíma í samráði við minjavörð til að varna skemmdum af völdum vinnuvéla. Fram kemur að við gerð Naustabrautar verði fyllt upp í efsta hluta Naustagils og undir götuna lögð göng fyrir Naustalæk og gangandi fólk. Fyllingin muni hafa áhrif á ásýnd gilsins, sér í lagi séð ofan frá af útivistarsvæðinu. Gengið verði frá fyllingunni með jarðvegsfláum sem felldir verði að aðliggjandi landi og jarðvegsfláarnir græddir upp með grasi líkt og aðliggjandi land.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Minjastofnunar Íslands það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því að þeirra mati ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Minjastofnun Íslands telur að þær mótvægisáðgerðir sem lýst er í greinargerðinni séu fullnægjandi.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á slysavarnir vegna barna og almennrar umferðar á framkvæmdatíma og að jafnframt verði gerðar ráðstafanir til að hindra jarðvegsfok og að jarðvegur berist yfir á umferðargötur með vinnuvélum, sem hafi í för með sér svífrykshættu. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að kortleggja hávaða, fylgjast með loftgæðum og eftir atvikum að grípa til mótvægisáðgerða í samráði við Heilbrigðiseftirlitið.

Í svörum Akureyrarbæjar kemur fram að í framkvæmdaleyfi verði tekið á atriðum eins og umferðaröryggi og jarðvegsfoki/jarðvegsmengun.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 600 m kafla Naustabrautar á Akureyri ásamt gerð undirganga og hjólastíga. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrir liggur að hætt á að rask verði á minjum í grennd fyrirhugaðs vegar, sérstaklega á framkvæmdatíma. Minjastofnun Íslands hefur samþykkt þær mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili fyrirhugar um merkingar á fornminjum í samráði við minjavörð. Naustabraut verður lögð um svæði sem er í dag óbyggt mólendi í grennd við íbúðarbyggð. Hins vegar er fyrirhugað að byggja upp nýtt íbúðarhverfi sem þessi hluti Naustabrautar mun liggja að. Fyrst í stað verða varanleg áhrif framkvæmdarinnar hvað varðar ásýnd og landslag fyrst og fremst á gilið og nágrenni þess. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felast til lengri tíma litið í útfærslu hennar með tilliti til ásýndar og tengsla við fyrirhugaða byggð í þessum hluta Naustahverfis og hvernig gatan leysir samgöngur ólíkra ferðamáta um hverfið. Á verður tímabundið ónæði á framkvæmdatíma vegna vinnuvéla og þungaflutningsbifreiða. Fram hefur komið að síðar getur kunnir að þurfa bregðast við hávaða frá umferð um götuna með mótvægisáðgerðum. Ef til kemur er mikilvægt að þær verði útfærðar í samræmi við skipulagsforsendur og -áherslur hverfisins og uppfylli ákvæði reglugerðar um hávaða. Önnur umhverfisáhrif telur Skipulagsstofnun óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar

að lagning 600 m kafla Naustabrautar á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og deiliskipulag Hagahverfis – 3. áfanga Naustahverfis. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. apríl 2015.

Rut Kristinsdóttir



Jakob Gunnarsson

Skipulagsstofnun